

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Ár 2004, miðvikudaginn 7. apríl, er Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman komin að Vegmúla 2, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 3/2004.

Og fjarskipti hf.

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

Nefndina skipa: Ólafur Garðarsson hrl. formaður og meðnefndarmennirnir Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárason verkfræðingur.

Fyrir nefndinni liggur kæra frá Og fjarskiptum hf. (OGF), dags. 5. apríl 2004, þar sem kærð er bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 5. apríl 2004, þess efnis að OGF beri "...að flytja númeraröðina 440 2000 – 440 2999 yfir til Landsíma Íslands hf. (LÍ) til úthlutunar fyrir starfsemi Íslandsbanka vegna Sjóvá Almennra." Krefst OGF að ákvörðun PFS verði felld úr gildi en einnig að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála fresti réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar þar til úrskurður hennar er gengin sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999 og 29. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Í úrskurði þessum verður aðeins tekin til skoðunar krafa OGF um frestun réttaráhrifa. Var PFS og LÍ símleiðis gefin kostur á að koma sjónarmiðum sínum að en engar athugasemdir bárust frá þeim. Að lokinni yfirferð var málið tekið til úrskurðar án frekari málflutnings með hliðsjón af 4. mgr. 29. gr. laga nr. 37/1993.

1. Málavextir

Málavextir eru þeir helstir að með bréfi dags. 2. apríl 2004 fór LÍ fram á það við PFS að stofnunin tæki bráðabirgðaákvörðun þess efnis að OG fjarskiptum hf. yrði gert að afhenda númeraseríuna 440 2000 – 440 2999, en seríu þessa ætti að virkja á stofntengingu Íslandsbanka hf. Í bréfi LÍ kom fram að það sem gerði málið sérstaklega brýnt væri sú staðreynd að prentun símaskrárinnar stæði yfir og lokafrestur til að gera breytingar hvað varðaði orð sem byrja á S rynni út á hádegi mánudaginn 5. apríl 2004. Því væri ljóst að veruleg hættu væri á að dráttur á úrskurði ylli því að réttindi færu forgörðum og verulegt fjártjón ætti sér stað.

Hinn 5. apríl 2004 tók PFS þá ákvörðun til bráðabirgða, eftir að OGF hafði fengið skamman frest til að koma sjónarmiðum sínum að, að OGF bæri að flytja ofangreinda númeraröð yfir til LÍ.

Með bréfi dags. sama dag kærði OGF ákvörðun PFS og fór þess á leit að úrskurðarnefnd frestaði réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar. Er það krafa um frestun réttaráhrifa sem til skoðunar er í máli þessu.

2. Málsástæður aðila

Fyrir nefndinni byggði OGF á þeim sömu rökum og félagið byggði á fyrir PFS og lýst er í hinni kærðu ákvörðun. PFS og LÍ hafa ekki skilað athugasemdum.

3. Niðurstaða

Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála frestar kæra til úrskurðarnefndar ekki réttaráhrifum ákvörðunar eða úrskurðar PFS. Nefndinni er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því í samræmi við stjórnslulög. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. og 2. mgr. 29. gr. stjórnslulaga. Ljóst er því að meginreglan er sú að kæra frestar ekki réttaráhrifum og að undantekningar frá þeirri reglu verður að skýra þröngt.

Í máli þessu er þess krafist að réttaráhrifum bráðabirgðaákvörðunar PFS 5. apríl sl. verði frestað. Til stuðnings þeirri kröfu vísar PFS til þeirra sömu sjónarmiða og PFS tók til rökstuddrar úrlausnar í bráðabirgðaákvörðun sinni frá 5. apríl sl. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum, hagsmunum aðila og málalíbúnaði þeirra fyrir nefndinni og PFS, telur úrskurðarnefnd hins vegar að ekki hafi verið færð fram nægileg rök fyrir því að réttlætun sé að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að hin kærða ákvörðun er bráðabirgðaákvörðun PFS skv. 11. gr. laga nr. 69/2000 en skv. 2. mgr. þeirrar greinar skal PFS taka málið til umfjöllunar innan 7 daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.

Skv. þessu er það mat úrskurðarnefndar að ekki sé tilefni til að fresta réttaráhrifum bráðabirgðaákvörðunar PFS frá 5. apríl 2004.

4. Úrskurðarorð

Kröfu Og fjarskipta hf., þess efnis að frestað verði réttaráhrifum bráðabirgðaákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar frá 5. apríl 2004, er hafnað.

Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánaða frá því að aðilar fengu vitneskju um hann.

Reykjavík, 7. apríl 2004

Ólafur Garðarsson, hrl., formaður

Guðjón Kárasón, verkfr.

Heimir Haraldsson, endursk.